

Verkefni tengt máltökuskeiði barna

- a) Farið er að bera á því að börn og ungmenni fallbeygi sérnafnið Baldur með öðrum hætti en hefðin gerir ráð fyrir, eins og sjá má hér að neðan.

	Hefðin	Ný fallbeyging
nf.	Baldur	Baldur
þf.	Baldur	Bald
þgf.	Baldri	Baldi
ef.	Baldurs	Balds

Útskýrðu í stuttu máli hvað hér er á seyði, taktu mið af því sem þú hefur lært um máltöku barna og þau stig sem börn ganga í gegnum á máltökuskeiði. Í þessu samhengi er líka gagnlegt að nota hugtök sem tengjast orðhlutagreiningu, s.s. stofn og beygingarendingar, við rökstuðninginn. Hver gæti mögulegur áhrifavaldur verið? Ágætt getur verið að taka dæmi máli sínu til stuðnings.

- b) Hér að neðan er stutt samtal milli móður og barns á máltökuskeiði.

Barn: Detta er uva.

‘Þetta er fluga’

Móðir: Er þetta uva?

Barn: Nei, detta er uva.

Hvaða skýringu má gefa á því að barnið hafnar því sem móðirin segir þegar hún er í raun að endurtaka það sem barnið sagði?